



Ísafjarðarbær

Helga Þuríður Magnúsdóttir

Hafnarstræti 1

400 ÍSAFJÖRÐUR

Garðabær, 7.2.2025

Málsnúmer: 202501-0053/54

IAS

Efni: Seljalandshverfi, nýting jarðhita. Breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Vísað er til erinda Ísafjarðarbæjar, sem bárust þann 7. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögnum Náttúrufræðistofnunar um breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna nýtingar jarðhita í Seljalandshverfi.

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi og á deiliskipulagi Seljalandshverfis á Ísafirði. Marmið skipulagsbreytinganna er að heimila nýtingu jarðhitavatns og frekari jarðhitaleit ásamt nauðsynlegum innviðum vegna nýtingar jarðhitans. Marmið breytinganna er einnig að tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vandað verði til frágangs.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn á fyrri stigum og ítrekar hér að fyrirhuguð lagnaleið liggur um svæði sem er á náttúruminjaskrá, svæði 317: „Fjörur í Botni Skutulsfjarðar“ og nýtur hverfisverndar (H6). Um er að ræða víðáttumiklar, lífauðugar leirur með miklu fuglalífi. Ef ekki er unnt að finna aðra leið fyrir lagnirnar þarf að tryggja að raski verði haldið í lágmarki og vel verði gengið frá að framkvæmdum loknum. Þá þarf að tryggja að heitt affallsvatn berist ekki í Tunguá og út á leirurnar framan við ósa árinna.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur